



Lúxemborg, 26. júní 2007

FRÉTTATILKYNNING 05/2007

Dómur í máli E-2/06 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

Skilyrði fyrir leyfum til kaupa á vatnsréttindum til raforkuframleiðslu andstæð EES-samningnum

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu í dómi sem kveðinn var upp í dag að Noregur hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum.

Málið, sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) höfðaði gegn Noregi, varðaði ákvæði norskra laga sem fjalla um leyfi til kaupa á vatnsréttindum (lov 14. desember 1917 nr. 16 om erverv av vannfall, bergverk og annen fast eiendom m.v.). Samkvæmt þeim eru leyfi til kaupa á vatnsréttindum til raforkuframleiðslu ótímabundin ef þau eru veitt fyrirtækjum sem teljast “opinber” samkvæmt lögunum, en tímabundin ef um er að ræða önnur fyrirtæki, þar með talin öll erlend fyrirtæki. Málið varðaði enn fremur ákvæði sömu laga sem mæla fyrir um að leyfi til annarra fyrirtækja en þeirra sem teljast opinber séu bundin því skilyrði að vatnsréttindi og aðrar eignir tengdar raforkuframleiðslu, s.s. mannvirki og búnaður til virkjunar, falli til ríkisins að leyfistíma loknum án þess að greiddar séu bætur fyrir þau verðmæti sem um er að ræða.

Vatnsréttindi í Noregi hafa frá upphafi verið undirorpin einkaeignarrétti. Reglur um leyfi til kaupa á vatnsréttindum til raforkuframleiðslu voru fyrst lögfestar í upphafi 20. aldarinnar. Á þeim tíma voru flest vatnsföll í einkaeigu og áhugi erlendra fjárfesta á kaupum á vatnsföllum fór mjög vaxandi. Voru reglurnar settar til að bregðast við þessari þróun. Í dag er um 88% af vatnsföllum í Noregi, sem hagnýtt eru til raforkuframleiðslu, í eigu opinberra aðila.

Ágreiningur málsaðila fyrir dómstólnum laut einkum að túlkun 125. gr. EES. Í greininni segir: “Samningur þessi hefur engin áhrif á reglur samningsaðila um skipan eignarréttar”. Í þessu sambandi deildu aðilar málsins einkum um það hvort framangreind ákvæði norskra laga féllu undir gildissvið EES-samningsins og, ef svo væri, hvort sá greinarmunur sem gerður væri í ákvæðunum á milli opinberra fyrirtækja og annarra fyrirtækja samræmdist 31. gr. EES um staðfesturétt og 40. gr. EES um frjálst flæði fjármagns.

Í úrlausn EFTA-dómstólsins kemur fram að enda þótt 125. gr. EES feli það í sér að hvert EES-ríki ákveði skipan eignarréttar séu ráðstafanir til að koma á ákveðinni eignarréttarskipan ekki undanþegnar grundvallarreglum samningsins, þ.m.t. reglum um staðfesturétt og frjálst flæði fjármagns.

Í dóminum segir að sá greinarmunur sem gerður er í norskrri löggjöf á opinberum aðilum annars vegar og einkaaðilum og erlendum aðilum hins vegar, í tengslum við veitingu

leyfa til kaupa á vatnsföllum til raforkuframleiðslu, hafi neikvæð áhrif á fjárfestingu síðarnefnda hópsins. Ástæðan sé sú að þessir aðilar hafi styttri tíma til að fá arð af fjárfestingu sinni en opinberir aðilar. Greinarmunurinn feli í sér óbeina mismunun gegn erlendum aðilum sem hindri bæði frjálst flæði fjármagns og réttinn til staðfestu.

Í dómnum er 125. gr. EES túlkuð svo að EES-samningurinn hafi ekki áhrif á rétt samningsaðila til að ákveða hvort vatnsréttindi og aðrar eignir tengdar raforkuframleiðslu skuli vera í opinberri eigu eða í eigu einkaaðila. Samkvæmt því geti það talist lögmætt í skilningi EES-samningsins að stefna að því markmiði að þessi réttindi skuli vera í opinberri eigu. Því er hins vegar hafnað að ákveðin skipan eignarréttar felist í fyrirkomulagi eins og því norska, sem eingöngu stuðlar að eða viðheldur því að umrædd eignarréttindi séu að meginstefnu til í opinberri eigu, en veitir viðkomandi yfirvöldum á sama tíma frjálst mat um það hvort einkaaðilar geti á ný öðlast slík eignarréttindi. Í því sambandi er m.a. vísað til þess að samkvæmt norskum lögum geti yfirvöld veitt einkaaðilum leyfi til kaupa á vatnsréttindum til raforkuframleiðslu. Jafnfram er vísað til þess að yfirvöld geti ákveðið að selja einkaaðilum réttindi sem fallið hafa til ríkisins í skjóli hinna umdeildu reglna. Var það mat dómstólsins að norska fyrirkomulagið, eins og því er háttað í dag, stefni fremur að opinberri stýringu á vatnsaflsauðlindum en opinberu eignarhaldi þeirra.

Í úrlausn dómstólsins kemur fram að þótt opinber stýring geti ekki talist lögmætt markmið í skilningi EES-samningsins og réttlætt hindrun á frjálsu flæði fjármagns og réttinum til stofnsetningar, sé slík stýring tæki til að ná því markmiði að tryggja almannaoöryggi með nægu framboði raforku og til að ná umhverfisverndarmarkmiðum. Bæði þessi markmið séu lögmæt í skilningi EES-samningsins. Hins vegar hafi Noregur ekki sýnt fram á að eignaryfirráð séu nauðsynleg til að ná þessum markmiðum. Þeim megi ná með jafn áhrifaríkum hætti með öðrum og vægari úrræðum.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.lu

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.